

Kjalnesingur

4. töl. 13. árg.

Fréttabréf Íbúasamtaka Kjalarness

26. apríl 2013

Sérstaða Kjalarness:

Þrátt fyrir að íbúar á Kjalarnesi séu einungis 0,7% af íbúum Reykjavíkur þá er landssvæði hins gamla Kjalarneshrepps um helmingur af Reykjavík. Þetta skiptir verulegu máli þegar hugsað er um þjónustu við íbúana. Kjalarnesið býður upp á gríðarlega möguleika hvort sem horft er til útivistar, ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu eða landi fyrir framkvæmdir.

Í starfsskýrslu ÞK sem birtist í þessu blaði er farið yfir fjölmarga spennandi þætti sem vegna sérstöðunnar geta vissulega skapað nýja möguleika ásamt nýjum störfum við verkefni sem við höfum ekki áður sinnt.

síðan samkeppni þeirra í milli. Eftir skróðgöngu úr hverfinu upp í Fólkvang hefst UMFK leikarnir þar sem hart er barist milli hverfahluta. Eftir það var Fólkvangur miðstöð Kjalarnesdaga þar sem fram fer fjölbreytt dagskrá sem endar á sunnudeginum með menningardagskrá í umsjá Sögufélagsins Steina og Brautarholts-sóknar.

Aðalfundur Íbúasamtaka Kjalarness þann 9. maí nk.

Tilgangur ÍK er að vinna að framfara- og hagsmunamálum íbúa Kjalarness ásamt því að stuðla að samstarfi og samhug. Íbúasamtökin eru samtök allra íbúa Kjalarness þar sem allir hafa jafnan rétt til áhrifa á starf þeirra. Íbúasamtökin hafa þannig reynst góður samstarfsvettvangur og tengiliður milli annarra



Við sameiningu sveitarfélaganna Kjalarness og Reykjavíkur fyrir einum og hálfum áratug var þetta verðmæta land ein af ástæðu sameiningarinnar. Í staðinn var gert samkomulag um uppbyggingu á Kjalarnesi og þjónustu við Kjalnesinga. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar gengið er á hlut okkar eins og gerðist þegar endurvinnslustöð Sorpu var lokað.

Fólkvangur:

Félagsheimilið Fólkvangur hefur frá upphafi verið samastaður félagsstarfs á Kjalarnesi. Síðustu misseri hefur Fólkvangur, með sérstöku samkomulagi við borgina, verið rekinn af ÍK. Framundan eru stofnun rekstrafélags um Fólkvang og á næstu vikum verður lögð áhersla á viðræður við borgina um framtíðarfyrikomulag á rekstri félagsheimilisins.

Kjalarnesdagar:

Kjalarnesdagar hafa fest sig í sessi sem hverfishátíð Kjalnesinga og er haldin í lok júní. Með þátttöku fjölmargra félaga og einstaklinga hefur mótast venja um litaskreytingar hverfahlutanna og

félaga á Kjalarnesi. Stjórn ÍK hefur lagt mikla áherslu á að miðla upplýsingum til íbúa og í þeim tilgangi notað vefinn www.kjalarnes.is, fésbókina með síðunni kjalarnes.is ásamt fréttabréfinu Kjalnesingi. Með þessu starfi hefur byggst upp voldugur netfangalisti sem ávalt þarf að vera í endurnýjun og er nýttur er til að senda út viðburðarlistann "Á döfinni" þar sem athygli er vakin á fréttæmum viðburðum. Til þess að efla þennan lista eru áhugasamir beðnir að senda Íbúasamtökunum póst merktum "Á döfinni" inn á netfangið: ik@kjalarnes.is.

Ný stjórn ÍK:

Á þessum aðalfundi verður kosið um þrjá einstaklinga í stjórn og fimm í varastjórn. Eins og sjá má af verkefnunum hér á undan er starfið afskaplega líflegt en breið þátttaka er undirstaða þessa blómlega starfs. Við getum ekki alltaf ætlast til að vera einungis þiggjendur. Starfið byggir á fjölbreyttum sjónarmiðum. Tökum þátt í öflugu, skemmtilegu og gefandi starfi sem hefur það að markmiði að bæta hag okkar allra. Fjölmennum á aðalfund Íbúasamtaka Kjalarness og tökum virkan þátt í að móta framtíð okkar hér á Kjalarnesi.

ÁH

KJALARNES.IS

Kjalnesingur

Útgefandi: Íbúasamtök Kjalarness
Ábyrgðarmaður: Ásgeir Harðarson
Netfang: kjalnesingur@kjalarnes.is

Heilsustefna Grafarvogs og Kjalarness

Vinningsnúmer í mars 2013:

1279

Vinningur í mars er fjölskylduspil.

Vinning ber að nálgast í Miðgarði, Gylfaflöt 5.

Framvísa þarf Heilsustefnu með viðkomandi númeri til að fá vinning afhentan.

Ef ekki er búið að sækja vinning innan 3ja mánaða frá útdrætti fer hann aftur í pottinn.

Mars vinning þarf því að sækja fyrir lok júní 2013.

Vinningsnúmer í febrúar 2013:

136

Vinningur í febrúar var fjölskyldumáltíð í boði Nings.

Vinning ber að nálgast í Miðgarði, Gylfaflöt 5.

Framvísa þarf Heilsustefnu með viðkomandi númeri til að fá vinning afhentan.

Ef ekki er búið að sækja vinning innan 3ja mánaða frá útdrætti fer hann aftur í pottinn.

Febrúar vinning þarf því að sækja fyrir lok maí 2013.

Kjalnesingur

Áætlaður útgáfutími næsta fréttabréfs Kjalnesings er í lok maí.

Við fögnum öllu efni sem berst til okkar og reynum eftir föngum að birta það við fyrstu hentugleika.

Þá eru allar auglýsingar afar vel þegnar einkum ef smávægilegur útgáfustyrkur fylgir með.

Í næsta blaði verða kynntar nýkjörnar stjórnir fjögurra félaga sem halda stofnfund eða aðalfund á næstunni þ.e. rekstrarfélags Fólkvangs sem verið er að stofna, Þróunarfélags Kjalnesinga sem heldur aðalfund þann 2. maí, Íbúasamtaka Kjalarness sem heldur aðalfund þann 9. maí, og Brautarholtssóknar sem heldur aðalfund þann 30. maí.

Undirbúningur fyrir Kjalarnesdaga sem verða í lok júní er hafinn og leitað er eftir áhugasömum aðilum í undirbúning. Það eru mörg spennandi verkefni framundan og gaman væri ef fleiri hefðu tök á að leggja lið í þessari vinnu.



AÐALFUNDUR Íbúasamtaka Kjalarness

verður haldinn kl 20 í Fólkvangi þann 9. maí 2013.

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins.

Þrátt fyrir afbragðs mönnun í stjórn og varastjórn þá bjóðum við áhugasama mikið meira en velkomna til að taka þátt í fjölbreyttu starfi Íbúasamtaka Kjalarness.

Kvenfélagið Esja

Fastir fundir eru í Fólkvangi kl. 20:00 annan miðvikudag í hverjum mánuði.

Félagsstarf 60 ára og eldri

Munið fundina á fimmtudögum milli kl. 15-17 í Fólkvangi.

Alltaf heitt á könnunni!

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg s: 695 1352.

Póstlistinn "á döfinni"

Íbúasamtök Kjalarness hafa haldið utan um póstlista sem telur yfir 300 netföng hjá íbúum á Kjalarnesi.

Þessi netfangalisti er nýttur til að koma skilaboðum til íbúa eða vekja athygli á viðburðum á Kjalarnesi. Ef þú hefur ekki fengið póstinn "á döfinni" frá ÍK á síðustu vikum ertu ekki á þessum póstlista.

Með því að senda póst á ik@kjalarnes.is merktur "póstlisti" verður netfang þitt skráð á þennan lista.

Skráðu þig á póstlistann

Vefur okkar Kjalnesinga www.kjalarnes.is sendir sjálfkrafa út raf-póst til þeirra sem skrá sig á póstlistann þegar fréttir eða tilkynningar eru ritaðar á vefinn. Viljum við hvetja alla sem áhuga hafa á umhverfi sínu og samfélagi að skrá sig á póstlistann.

Vinsamlegast sendið okkur póst á kjalnesingur@kjalarnes.is og óskið eftir að verða skráð á póstlistann.

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.

AÐALFUNDUR ÞRÓUNARFÉLAGS KJALNESINGA

verður haldinn fimmtudagskvöldið 2. maí 2013 kl. 20:00. Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins.

Stjórnin

Starf BK á liðnu ári

Aðalfundur 2012

Nú líður að öðrum aðalfundi félagsins en sá fyrsti var haldinn 10.05.2012 í Fólkvangi. Sæti tveggja stjórnarmanna voru laus, þeirra Kolbrúnar B Halldórsdóttur og Frants A Péturssonar og voru þau endurkjörin. Varastjórnin var einnig endurkjörin. Á aðalfundinum urðu m.a. umræður um byggingu atvinnuhúsnaðis á Kjalarnesi.

Starfsmenn

Stuttu eftir aðalfund fékkst styrkur úr verkefninu „til vinnu“ hjá Reykjavíkurborg og ráðnir tveir starfsmenn tímabundið, þeir Guðni Indriðason formaður félagsins til eins árs og Wilhelm Wessman reyndur ferðaþjónustumaður til 3ja mánaða.

Ferðaþjónustu verkefni

Straks var farið í að skoða og meta tækifæri í atvinnuuppbyggingu á Kjalarnesi. Helsta niðurstaðan er að virkja þau ferðaþjónustutækifæri sem felast í þeirri gríðarumferð sem fer um Kjalarnesið allt árið. Tækifæri sem fara framhjá á 100 km hraða. Skoðaðir voru ýmsir möguleikar í tengslum við að vekja athygli ferðamanna á Kjalarnesi til að stoppa, þiggja þjónustu og hafa viðskifti við Kjalnesinga. Rætt var við flesta þá aðila sem tengjast með einum eða öðrum hætti ferðaþjónustu á Kjalarnesi.

Í þessari vinnu var lögð áhersla á að skoða nýtingu Arnarholts til atvinnuuppbyggingu í ferðaþjónustu. Það sem kom helst til skoðunar varðandi nýtingu Arnarholts var stríðssögusafn í gamla fjósinu, hostel í starfsmannahúsi, smiðjur og ýmiskonar aðstaða í aðalbyggingu, veitingarekstur og matarsmiðja í eldhúsi.

Velt var upp hugmyndinni um kláfferju á Esjuna nærri hverfinu með veitingastað uppá Esjunni. Hugmynd um torfbæ / keltursetur, var einnig skoðuð ásamt ýmsu fleiru.

Arnarholtið

Frá því um haustið 2011 hefur legið fyrir ósk um samstarf við Reykjavíkurborg um Arnarholt, en Ríkið hefur auglýst það til sölu undanfarin ár. Þ.K. gerði tilboð uppá 1 kr sem var hafnað. Eignarhald á Arnarholti var Ríkið 85% og Reykjavíkurborg 15%.

Ekki vantaði jákvætt viðhorf hjá borgarfulltrúum gagnvart þessu samstarfi, en þegar á reyndi var ekki vilji fyrir hendi. Arnarholt var selt í upphafi árs 2013 fyrirtæki að nafni Fylkir.

Önnur verkefni

Tekið hefur verið þátt í verkefninu Grænt Kjalarnes, unnin hefur verið tillaga að atvinnustefnu fyrir Kjalarnes einnig unnin greinargerð vegna þarfagreiningar fyrir hesthúsahverfi og reiðvegi á Kjalarnesi.

Samkvæmt deiliskipulagi sem Kjalarneshreppur samþykkti í upphafi árs 1998 er gert ráð fyrir 3 lóðum vestur af áhaldahúsi. Leitað var upplýsinga um þessar lóðir sem skiluðu sér til okkar með ölfílli pólitískri hjálpi. Haldinn var kynningarfundur um

lóðirnar í upphafi árs 2013. Þar mættu umm 20 aðilar að kynna sér málið. Áhugi er fyrir því að byggja og flytja atvinnustarfsemi hingað. Óskað hefur verið eftir breytingum á byggingareitum lóðanna og er þess beðið að þær líti dagsins ljós.

Einnig hefur verið óskað upplýsinga um óbyggðar íbúðahúsaloðir við Hofsbraut, er allt enn á huldu með þær.

Starfsmenn komu að textagerð vegna bæklinga um Fólkvang og aðstöðuna í næsta nágranni.

Visit.kjalarnes.is

Upplýsingavefur er í vinnslu fyrir ferðatengda starfsemi á Kjalarnesi, **visit.kjalarnes.is**. Er ætlunin að vefurinn verði þeim sem vilja setja fram upplýsingar um sína starfsemi að kostnaðarlausu. Er vef þessum ætlað að einfalda leit að þjónustu á Kjalarnesi.

Fólkvangur og uppbygging ferðaþjónustu á Kjalarnesi

Þegar ljóst var að Arnarholtið var ekki í hendi eins og vonir stóðu til miðað við pólitískt viðhorf, var ákveðið að skoða tækifærin sem gætu verið í nýtingu Fólkvangs. Áðurnefnd hugmynd um torfbæ hefur verið útfærð lítilliga og rætt við sérfræðinga á því sviði. Þessi hugmynd er á frumstigi og þarfnast frekari þróunar.

Torfbærinn og Fólkvangur gengur út á að byggja langhús að hætti landnámsmanna, kirkju og e.t.v. eitthvað fleira austan Fólkvangs. Í Fólkvangi yrði afgreiðsla fyrir starfsemi langhússins og upplýsingamiðstöð, verslun með handverk og matvörur og lögð áhersla á að fá vörur úr samfélaginu okkar, veitingasala byggð á matvörum úr héraði. Vekja þarf athygli ferðamanna á okkur en húsið eitt og sér dregur ekki að sér fólk, t.d. þarf sögumann sem segir sögur kristinna Írskra landnámsmanna auk Kjalnesingasögu. Einnig væri möguleiki á stuttum leikþáttum fyrir ferðamenn.

Þessar hugmyndir þarf að þróa með ferðamenn í huga. Rekstur hússins yrði þá á vegum félagasamtaka á Kjalarnesi. Þeirra félaga sem vilja taka þátt í að halda húsinu í umsjón heimamanna. Til þess þarf að stofna fyrirtæki um reksturinn sem væri í eigu fyrrgreindra félaga. Nánari útfærsla hefur ekki átt sér stað á þessu enda er kynning verkefnisins stutt á veg komin á meðal félagasamtaka á Kjalarnesi.

Að því gefnu að Fólkvangur fái til þessa verkefnis og áhugi verði fyrir því á meðal félagasamtaka á Kjalarnesi og áætlanir gangi upp þá er hér um að ræða starfsemi sem mun hjálpa allri atvinnustarfsemi í tengslum við ferðaþjónustu á Kjalarnesi. Þegar það tekst að fá ferðamenn til að stoppa við Fólkvang þá verður hægt að selja þeim margt margt fleira en það sem verður í boði í Fólkvangi.

Guðni Indriðason formaður Þróunarfélags Kjalnesinga

Munið viðtalstíma hverfisráðsins

í Fólkvangi milli kl. 18 og 19. fyrsta fimmtudag í mánuði.

Sam - Vest verkefni UMFK

Sam - Vest verkefnið.

Héraðssamböndin UDN, HSH, UMSB, HSS og HHF ásamt Ungmennafélaginu Skipaskaga og Ungmennafélagi Kjarnesinga hafa undanfarið mótað samstarf sín á milli með það að markmiði að efla frjálsíþróttastarf á svæðinu.

Verið er að ganga frá ýmsum framkvæmdaratriðum sem verða kynnt betur innan skamms, en eftirfarandi er þó ákveðið um ferðirnar:

- Hugsað fyrir þátttakendur 10 ára (árgangur 2002) og eldri.
- Þjálfarar á starfssvæðinu munu sjá um þjálfun, en jafnframt höfum við óskað eftir gestaþjálfurum og fleiri góðum gestum inn á æfinguna til okkar.
- Æfðar verða flestar greinar, s.s. sprettthlaup, langstökk, hástökk og kastgreinar. Reynum jafnvel að prófa stangarstökk og margt fleira.

UMFK skrifaði undir viljayfirlýsingu um samstarf í frjálsum íþróttum ásamt héraðssamböndum á vesturlandi og vestfjörðum til næstu 3 ára. Verkefnið kallast SAM-VEST og til stendur að halda fjölda viðburða þar á meðal sameiginlegar æfingar, halda mót innan SAM-VEST og fara saman á frjálsíþróttamót. Ástæða þess að farið var út í þetta samstarf er að styrkja stöðu íþróttafélaga á þessum svæðum. Helstu verkefni SAMVEST er að hvetja til þátttöku í frjálsum íþróttum og auka hlut barna og unglunga í æfingum og keppni, bæði innan svæðis sem og á landsvísi. SAMVEST mun standa að og skipuleggja sameiginlegar frjálsíþróttæfingar bæði innan

svæðis sem og utan og fá til okkar utanaðkomandi þjálfara í heimsókn, sömuleiðis umsjónarmenn unglunga- og landliðsmála.



Í lok þessa árs munu þessi félög skrifa undir samning til 3 ára. FRÍ (Frjálsíþróttasamband Íslands) og UMFÍ (Ungmennafélag Íslands) styðja okkur í þessu samstarfi meðal annars með því að útvega þjálfara og/eða aðra gesti á sameiginlegum æfingum, fræðslu fyrir þjálfara, iðkendur og aðra sjálfbóðaliða eftir því sem kostur er hverju sinni.

Birgitta Maggý Íþróttafulltrúi UMFK

Úr starfi Klébergsskóla

Grænn skóli. Unglingarnir í Klébergsskóla tóku sig til og bjuggu til leik fyrir nemendur á fimmtudagssamveru. Leikurinn fólst í keppni í að sortera rusl, enda er Klébergsskóli „grænn skóli“.



Árshátíð 7.-10. bekkjar Klébergsskóla var haldin 4. apríl, með pomp og prakt. Nemendur byrjuðu á að snæða ljúffengan hátíðarkvöldverð í sal Klébergsskóla og svo var farið í félagsheimilið Dreng í Kjósarhrepp þar sem dansað var langt fram eftir kvöldi.

Árshátíð 1.-7. bekkjar texti: 1. og 2. bekkur reið á vaðið á árs-hátíð 1.-7. bekkjar Klébergsskóla með leikritið „Litli ljóti andar-unginn“. Allir bekkir voru með eitthvert atriði auk þess sem tónlistaratriði frá nemendum Tónlistarskólans á Klébergi fluttu

tónverk á milli atriða. Hátíðin tókst með eindæmum vel og boðið var uppá kökur og kræsingar sem nemendur 5.-7. bekkjar höfðu bakað, en ágóðinn af því rann í sjóð nemenda sem fara í Skólabúðirnar á Reykjum á næsta skólaári.



Framundan í Klébergsskóla:

- Vortónleikar Tónlistarskólans þann 7. maí kl. 18.
- Skólaping Klébergsskóla haldið þann 16. maí kl. 18.
- Skólaslit í Klébergsskóla 7. júní.



Heimajarðgerð – Góður kostur!

Fræðslufundur um heimajarðgerð og kynning á jarðgerðarlátum verður í Fólkvangi, félagsheimili Kjalnesinga, þann 7. maí kl. **19:30-21:30**. Jarðgerð á lífrænum úrgangi bæði úr garðinum og eldhúsinu hentar mörgum heimilum. Heimajarðgerð er ekki einungis góður kostur til að losa sig við þess konar úrgang heldur einnig vegna þess að úr honum verður til næringarrík molta sem hentar einstaklega vel sem jarðvegsbætur og til áburðargjafar m.a. í beð og á grasflatar.

Styrkur til heimila

Reykjavíkurborg mun styrkja heimili á Kjalarnesi um 15.000 kr. til kaupa á jarðgerðarláti. Á kynningarfundinum verða nokkur ílát sem borgin hyggst styrkja kaup á til sýnis.

Það er von okkar að sem flestir sjái sér fært að mæta, fræðast um heimajarðgerð og taka þátt í að gera Kjalarnes sjálfbærara og umhverfisvænna samfélagi.

Upplýsingasíða fyrir ferðatengda þjónustu á Kjalarnesi

Þróunarfélag Kjalnesinga hefur verið að vinna að upplýsingasíðu fyrir Kjalarnesið. Ætlunin er að safna þar saman upplýsingum um ýmskonar þjónustu bæði við íbúana og ferðamenn.

Vefsíðan heitir **visit.kjalarnes.is** og er ætlunin að hún verði aðilum að kostnaðarlausu.

Settar hafa verið inn örlitlar upplýsingar um nokkra aðila. Nú viljum við fá viðbrögð frá ykkur um það hvort þið viljið vera með eða ekki.

Í römmum merktir a og c koma myndir sem viðkomandi aðili vill hafa og geta sent myndir til baka á þetta netfang.

Þessi uppsetning er fyrsta skrefið að hnitmiðaðri upplýsingaveitu um Kjalarnesið án þess að þar verði skrifaðar fréttir eða tilkynningar, slíkt verður áfram á www.kjalarnes.is.

Ef þið vitið um fleiri aðila sem ættu að vera á þessari upplýsingasíðu, þá látið viðkomandi vita af henni og hafa samband við undirritaðan.

Guðni Indriðason formaður ÞK



Útvega mold og grús.

Vinnuvélar, krani og vörubílar í ýmsum stærðum til garðvinnu, stíga- og veglagninga o.s.f.v.

Óli Valli 897-7605

MUNDU AÐ
KJÓSA

Framsókn
fyrir HEIMILIN



Ökukennsla, Akstursmat, Endurtökupróf



Pétur Þórðarson
Ökukennari
Búagrund 1, Kjalarnesi
s. 892 7480
okunam@okunam.is

www.okunam.is

Hverfisráð Kjalarness

Árlega veitir hverfisráð Kjalarness styrki til hinna ýmsu verkefna. Umsóknir um styrki skulu berast fyrir 15. maí næstkomandi. Umsóknir skal senda til:

Miðgarður, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness
b.t. hverfisráðs Kjalarness
Gylfaflöt 5
112 Reykjavík

eða á netfangið: midgardur@reykjavik.is

Í umsókn skal koma fram nafn, kennitala og heimilisfang ábyrgðaraðila. Einnig skal koma fram hvort umsækjandi hafi hlotið styrk frá öðrum nefndum eða stofnunum á vegum Reykjavíkurborgar eða hafi sótt um slíka styrki. Með umsókn skal fylgja greinargerð um verkefnið, markmið þess og framgang. Í árslok skal leggja fram greinargerð um nýtingu fjáris.

Viðtalstími hverfisráðs Kjalarness er fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl. 18-19 í Fólkvangi

Næsti viðtalstími verður fimmtudaginn 2. maí.

Í hverjum viðtalstíma eru tveir fulltrúar Kjalnesinga í hverfisráði til viðtals um málefni svæðisins og það sem brennur á íbúum og snertir þjónustu borgarinnar, skipulag eða umhverfismál, svo dæmi séu tekin.

Munið breyttan opnunartíma fyrir skilagjaldskyldar umbúðir

Á Kjalarnesi er móttakan í Áhaldahúsinu opin alla miðvikudaga kl. 15:00 - 19:00

Renta ehf. ökukennsla

Ökukennsla - Akstursmat - Endurtökupróf - Bíll - Mótorhjól



Eiríkur Hans Sigurðsson, löggiltur ökukennari, sími.: 895 8125
renta@renta.is - www.renta.is

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffíu Sóleyju í síma 662 5566.

Grænt Kjalarnes

Fimmtudaginn 2. maí kl. 18 verður hópur áhugasamra Kjalnesinga í Fólkvangi og veitir upplýsingar um samstillt átak undir merkjum Græns Kjalarness. Nú þegar eru tveir hópar starfandi:

- **Verkefnahópur um umhverfi, úrgang og frístundamál**
- **Verkefnahópur um byggðapróun, samgöngur og atvinnulíf**

Allir velkomnir í að taka þátt í samstilltu átaki Kjalnesinga undir merkjum Græns Kjalarness.

Sérkenni Kjalarness felst í því að vera grænt víðáttumikið dreifbýlissvæði innan marka Reykjavíkurborgar. Með því að vinna að þróun svæðisins undir fyrirsögninni *Grænt Kjalarnes* er verið að móta framtíðarsýn fyrir svæðið þar sem byggt er á þessu sérkenni og um leið möguleikum þess á að auka lífsgæði fólks.

Framtíðarsýnin leggur áherslu á að viðhalda og vernda Kjalarnes sem opið og dreifbýlt svæði innan borgarmarkanna en einnig að íbúar svæðisins og þéttbýlisins hafi aðgengi að grænum svæðum í tengslum við atvinnulíf, fræðslu og frístund.

Fólkvangur 2. maí kl. 18 – 19

ALÞINGISKOSNINGAR 27. APRÍL 2013

Skrifstofa borgarstjórnar og yfirkjörstjórn í Reykjavíkurborg norður minna Kjalnesinga á að kjörstaður þeirra er í Klébergsskóla. Eftirtaldir götur og bæjarnöfn eru á kjörskrá í Klébergsskóla:

1. kjördeild

Álfsnes og önnur bæjarnöfn
Búagrunn
Esjugrunn
Furugrunn
Helgugrunn
Hofsbraut
Jörfagrunn
Vikugrunn



AÐALFUNDUR Íbúasamtaka Kjalarness

verður haldinn kl 20 í Fólkvangi þann 9. maí 2013.

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins

Þrátt fyrir afbragðs mönnun í stjórn og varastjórn þá bjóðum við áhugasama mikið meira en velkomna á aðalfundinn til að taka þátt í fjölbreyttu starfi Íbúasamtaka Kjalarness.

Stjórn ÍK

AÐALSAFNAÐARFUNDUR Brautarholtssóknar

verður haldinn í Fólkvangi fimmtudaginn 30. maí kl. 18:00.

Hefðbundin aðalfundarstörf.

Allir eru hjartanlega velkomnir og hvetjum við alla til að kynna sér starfið og taka þátt í skemmtilegri uppbyggingu.

Sóknarnefnd Brautarholtssóknar

**Vortónleikar Karlakórs Kjalnesinga
verða í Langholtskirkju laugardaginn 27.apríl kl. 16.00.**

Kjalnesingar!

Fylgist með “á döfinni” inni á www.kjalarnes.is þar sem finna má ýmsa viðburði okkar KJALNESINGA.

Pípulagnabjónusta

Viðhald - Viðgerðir - Breytingar

Maggi pípari,

S: 898-8870

Grænt Kjalarnes – Heimajarðgerð

Kynning á heimajarðgerð og jarðgerðartunnum í Fólkvangi
félagsheimili Kjalnesinga 7. maí kl. 19:30-21:30.

Átak undir merkinu “Grænt Kjalarnes”

Allir velkomnir að ræða sérkenni og möguleika Kjalarness í
Fólkvangi kl. 18 - 19 fimmtudaginn 2. maí.

Alpingiskosningar 27. apríl 2013

Kjörstaður Kjalnesinga er í Klébergsskóla
og opinn frá kl. 9:00 - 22:00

Aðalfundir félaga á Kjalarnesi

- Þróunarfélag Kjalnesinga í Fólkvangi þann 2. maí kl. 20.
- Íbúasamtök Kjalarness í Fólkvangi þann 9. maí kl. 20.
- Brautarholtssókn í Fólkvangi þann 30. maí kl. 18.

HELGIHALD Í BRAUTARHOLTSSÓKN

28. apríl, kl. 11:00. Guðspjónusta í Brautarholtskirkju, **ferming**.

19. maí, kl. 11:00. Hvítasunnudagur, guðspjónusta í Brautarholtskirkju



Messur í Reynivallakirkju í Kjós:

5. maí, guðspjónusta kl. 14, **ferming**.

Organisti: Páll Helgason,

Gunnar Kristjánsson
sóknarprestur